



Kópavogi, 16. febrúar 2026
24122039/202.01 IÝP

Efni: Ágrip - tillaga um breytingu á skipulagsdegi frístundar Barnaskóla Kársness

Tillagan er lögð fram til samþykktar í menntaráði 17. febrúar 2026. Samkvæmt skóladagatali er sameiginlegur skipulagsdagur grunnskóla og frístunda 10. mars. Frístundir hafa tvo skipulagsdaga á ári, einn á hvoru misseri. Vegna þess að frístund Barnaskóla Kársness getur ekki haft frístundina opna 15. maí vegna kóramóts í húsnæði skólans óska stjórnendur skólans eftir undanþágu að heimilað verði að flytja skipulagsdag frístundar Barnaskóla Kársness frá 10. mars til 15. maí.

1. Sótt var um leyfi fyrir *Norbusang – kóramóti fyrir börn og ungmenni í Kópavogi* í nóvember 2024 og tók þáverandi skólastjóri Kársnessskóla afstöðu til þess að leyfa aðgang að húsnæði skólans. Á þeim tímapunkti var ekki ljóst hvenær Barnaskóli Kársness yrði opnaður.
2. Barnaskóli Kársness er á sínu fyrsta skólaári og enn er verið að fullmóta verklag í kringum skólastarfið.
3. Að hýsa kóra frá Norðurlöndunum frá 13. – 17. maí er samstarfsverkefni tveggja skóla í Kópavogi; Barnaskóla Kársness og Kársnessskóla.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar